

## ÍSLENSK KVIKMYND HLÝTUR KVIKMYNDAVERÐLAUN NORÐURLANDARÁÐS 2015

**Dagur Kári, Agnes Johansen og Baltasar Kormákur hljóta  
kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir *Fúsa*.**

Að mati dómnefndar er *Fúsi* besta norræna kvikmynd þessa árs og því hreppti leikstjórinn Dagur Kári kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs 2015. Athöfnin fór fram á þriðjudagskvöld, í tengslum við þing ráðsins sem nú stendur yfir í Reykjavík. Þetta er því annað árið í röð sem íslenskri kvikmynd hlotnast heiðursnafnbótin „best á Norðurlöndum“.

Í myndinni segir frá *Fúsa*, sem er 43ja ára gamall en skortir þó enn kjark til að stíga inn í heim hinna fullorðnu. Hann ráfar gegnum hversdaginn líkt og svefngengill, fastur í viðjum vanans. Þegar lífsglöð kona og átta ára gömul stúlka dúkka óvænt upp í lífi *Fúsa* neyðist hann hinsvegar til að láta kylfu ráða kasti.

Myndin var heimsfrumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín fyrr á þessu ári og hefur síðan farið sigurför um kvikmyndahátíðir víða um heim. Til dæmis hlaut hún þrenn verðlaun á Tribeca-hátíðinni vorið 2015; sem besta leikna mynd, fyrir besta handrit og fyrir besta leikara í aðalhlutverki í flokki alþjóðlegra kvikmynda.

### **Dagur Kári hreppir hnossið**

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs, sem nema 350 þúsund dönskum krónum, eru veitt kvikmynd sem býr yfir sterkri skírskotun til norrænnar menningar og miklum listrænum gæðum, en að mati dómnefndar eru það einmitt þessir þættir sem helst einkenna *Fúsa*.

Í umsögn dómnefndar segir: „Myndin er faguð, stílhrein og full af myndrænni hugmyndaauðgi og fjallar um mikilvægi þess að varðveita gæsku sína og sakleysi í óárennilegum heimi. *Fúsi* eftir Dag Kára er grípandi og listilega upp byggð kvikmynd sem bregður upp trúverðugri mynd af blíðum risa og hnitmiðuðum lýsingum á konunum sem standa honum næst.“

**Dagur Kári** útskrifaðist úr kvikmyndaskóla Danmerkur árið 1999 og hlaut fjölda verðlauna fyrir útskriftarverkefni sitt, stuttmyndina *Lost Weekend*. Velgengni Dags Kára á alþjóðlegum vettvangi var innsigluð svo um munaði með kvikmyndinni *Nóa Albinóa* (2003). Dagur Kári var einnig tilnefndur til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2010 fyrir myndina *The Good Heart*, sem er á ensku. Hann starfar sem stendur hjá kvikmyndaskóla Danmerkur, þar sem hann er yfir leikstjórnardeildinni.

Dagur Kári deilir verðlauninum með framleiðendum myndarinnar, þeim **Agnesi Johansen** og **Baltasar Kormáki**, en það undirstrikar að kvikmynd er listræn afurð samstarfs á milli leikstjóra, handritshöfundar og framleiðanda.

## Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs – „norræn Óskarsverðlaun“

Kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs eru tvímælalaust ein eftirsóttustu kvikmyndaverðlaun Norður-Evrópu og sambærileg við ýmis virt verðlaun annars staðar í heiminum.

Þetta er í tólfta sinn sem verðlaunin eru veitt kvikmynd sem hefur vakið athygli fyrir gæði og sterka skírskotun til listrænnar hefðar á Norðurlöndum. Aðeins einu sinni áður hefur íslensk mynd hlotið verðlaunin, en Benedikt Erlingsson veitti þeim viðtöku árið 2014 fyrir myndina *Hross í oss*.

Kvikmyndaverðlaunin eru veitt einu sinni á ári. Fimm myndir eru tilnefndar, ein frá hverju Norðurlandi, og sigurmyndin síðan valin af norrænni dómnefnd sem í situr einn fulltrúi frá hverju landi. Árið 2015 voru Per Juul Carlsen (Danmörku), Jaana Puskala (Finnlandi), Kristín Jóhannesdóttir (Íslandi), Silje Riise Næss (Noregi) og Jannike Åhlund (Svíþjóð) í norrænu dómnefndinni.

### TIL RITSTJÓRNAR:

Í viðhengi er viðtal við Dag Kára sem nota má að vild. Viðtalið tók Annika Pham fyrir Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn áður en tilkynnt var um handhafa kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2015.

Lesið meira um kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs, sigurmyndina 2015 og aðrar tilnefndar myndir og horfið á stiklur myndanna:

[www.nordiskrådsfilmpris.com](http://www.nordiskrådsfilmpris.com)

[www.nordiccouncilfilmprize.com](http://www.nordiccouncilfilmprize.com)

<http://www.norden.org/is/nordurlandarad/verdlaun-nordurlandarads>

<https://www.facebook.com/nordiskfilmogtvfond>

**Tengiliður fjölmiðla:** Freddy Neumann, Neumann PR & Kommunikation, sími: + 45 2046 7846 / [neumann@mail.dk](mailto:neumann@mail.dk)